

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 2.000 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 3.160 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 11. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 2.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.000 ef til handsömunar kemur aftur innan 6 mánaða frá fyrri handsömun. Að auki skal umráðamaður kattar greiða þann kostnað sem til fellur svo sem dvalar- og geymslukostnað.

Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu, greiðslu skráningargjalds, árgjalds og annars áfallins kostnaðar.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samþykkt er af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar með vísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007 með síðari breytingum, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Hveragerði, 15. desember 2011.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.